

Ágætu foreldrar/forráðamenn..

Nú er desember genginn í garð og er skólinn kominn í jólbúning. Nemendur og kennarar skólans eru búnir að skreyta skólann hátt og lágt, þar að auki eru flestir nemendanna með jólahúfur og hlusta á jólatónlist sér til þæginda.

Jólavakan 12. desember

Jólavaka nemendafélagsins verður haldin í félagsheimilinu Höfðaborg fimmtudaginn 12. desember kl. 20:30. Þar verður fjölbreytt dagskrá m.a. upplestur nemenda, söngur og hljóðfæraleikur. Hátíðarræðu flytur Sr. Solveig Lára, vígslubiskup á Hólum. Aðalgestir kvöldsins eru hjónin Hjalti Jónsson og Lára Sóley Jóhannesdóttir sem voru að gefa út sína fyrstu plötu og ætla að flytja fyrir okkur nokkur jólalög ásamt ýmsu fleiru. Aðgangseyrir er 1500 kr. fyrir fullorðna og 500 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri.

Jólavakan er einn af stærstu fjáröflunarliðum nemendafélagsins og eru það nemendur 8.-10. bekkjar sem standa að skemmtuninni og sjá um alla vinnu og undirbúning. Sú hefð hefur verið að nemendur 10. bekkjar sjái um að þjóna þetta kvöld, en vegna þess að þau eru svo fá í bekknum í ár verða 9. bekkingar þeim innan handar. Nemendur úr öllum aldurshópum sjá svo um atriði sem sýnd verða á skemmtuninni. Leitað hefur verið til foreldra nemenda í 8.-10. bekk og þeir beðnir um að baka smákökur sem verða í boði um kvöldið og einnig hafa þeir séð um að aðstoða í eldhúsi meðan á skemmtun stendur og við frágang á eftir. Fyrir okkur er þessi viðburður orðinn mikilvægur hluti af adventunni og er einkar hátíðlegur í okkar huga og því viljum við biðja foreldra um að aðstoða okkur við það að gera kvöldið sem notalegast og óskum eftir því að foreldrar láti börnin sín sitja hjá sér.

Jólafondur 18. desember

Miðvikudaginn 18. desember verður grunn- og leikskólinn með jólafondur frá kl. 8:40 – 12:40 í Grunnskólanum á Hofsósi. Þar verða fjórar starfsstöðvar, þar sem boðið verður upp á tvö verkefni á hverri stöð. Svo verður nemendum og gestum boðið upp á vöflur og kaffi á milli kl. 10 og 11. Eru foreldrar eindregið hvattir til að fylgja börnunum sínum í jólafondrið. Að jólafondri loknu fara nemendur skólans í hádegismat og síðan verður hefðbundinn skóli hjá nemendum grunnskólans eftir hádegi.

Litlu jólin 20. desember

Litlu jólin verða haldin í skólanum föstudaginn 20. desember kl. 10-12 og að þeim loknum hefst jólafrí. Á litlu jólunum koma allir með pakka fyrir pakkaskipti. Við viljum leggja áherslu á að kostnaði við gjafirnar á að vera stillt í hof og einnig þarf að gæta þess að gjafirnar geti höfðað til allra í bekknum/samkennsluhópnum þar sem enginn veit fyrirfram hver fær hvaða pakka.

Skólabyrjun að loknu jólafrí

Skóli hefst aftur að loknu jólafrí **mánudaginn 6. janúar kl. 10:30.**

Endurskinsmerki

Nú er svartasta skammdegið runnið upp og viljum við því minna á nauðsyn þess að nemendur beri endurskinsmerki til að auka öryggi þeirra í umferðinni.

Lúsaleit

Mikilvægt er að minna foreldra/forráðamenn á að kemma krökkunum núna á næstu dögum til að við losnum við þennan hvimlega gest.

*Með ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi*